

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2013.

Efni: Umsögn um þingskjal 641 - 499. mál.

Samantekt

- Núverandi frumvarp hefur mikil áhrif á tekjur ríkissjóðs.
- Ekki eru gerðar athugasemdir við skrotóbak.
- Ekki eru gerðar athugasemdir við c-lið 2. gr. frumvarpsins né 3 gr.
- Hver er staða neftóbaks ÁTVR samkvæmt frumvarpi þessu?
- Orðalag b-liðs 2. gr. getur ekki staðið óbreytt þar sem það myndi gera neftóbak ÁTVR að ólöglegri vöru. Því þarf annað hvort að fjarlægja b-lið frumvarpsins eða breyta orðalaginu þannig að tilgangi b-liðsins sé náð án áhrifa á núverandi vöruúrval ÁTVR.
- Orðalag b-liðs 2. gr. mun byggja að miklu leyti á geðþóttaákvörðunum hvort það eigi að leyfa eða hafna vörum.
- Núverandi lög taka mjög vel á tóbaksvörnum og lagarammi þeirra er skýr. Ef litið er til tilgangs frumvarpsins þá eru forvarnir betri leið til að ná markmiðunum.
- Rannsóknir sem eiga við um reyklaust tóbak á Íslandi gefa sterkar vísbendingar um notkun á neftóbaki ÁTVR.
- Í Noregi var horfið frá frekari þrengingum á reyklusu tóbaki, í sambærilegri umræðu, vegna þess að það var talið samfélagslega hagkvæmt.
- Aukning á sölu neftóbaks í gegnum ÁTVR á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til að neytendur sem hafa verið að kaupa vörur á svarta markaðnum eru að koma upp á yfirborðið. Eftir síðustu skattahækkun sem tók gildi 1. janúar s.l. má búast við að fleiri einstaklingar munu kaupa vörur á svarta markaðnum.
- Lagt er til að stofnaður verður starfshópur með hagsmunaaðilum til að fara yfir þessi mál og koma með tillögur hvernig hægt er að búa til frumvarp svo að leikreglur og framkvæmd tóbaksvarnalaga verði skýrar.

Rolf Johansen & Co leggur til að b-liður 2. gr. frumvarpsins verði fjarlægður og að a-liður 2. gr. verði útfærður mun nánar áður en hann verður lagður fram eins og gert er í frumvarpinu.

1. Skrotóbak

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa vörur.

2. Hver er staða neftóbaks ÁTVR?

Velferðarráðherra mælti fyrir frumvarpinu og sagði að frumvarp þetta ætti ekki að hafa áhrif á núverandi vörur. Samkvæmt orðalagi a- og b-liðs frumvarpsins er í raun verið að banna neftóbak ÁTVR. Það hefur verulegar afleiðingar á tekjur ríkissjóðs.

3. Framkvæmd tóbaksvarnarlaganna

Framkvæmd tóbaksvarnarlaganna yrði mjög erfið ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt og nær ógerlegt væri að framfylgja orðalagi frumvarpsins án tortryggni í garð núverandi vara á markaðnum. Í athugasemdum um frumvarpið á staðfesting þessara laga ekki að hafa áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Það er því nauðsynlegt, til að tilgangur frumvarpsins nái fram að ganga, að fella annað hvort setningu b-liðs 2. gr. úr frumvarpinu eða breyta henni þannig að unnt sé að framkvæma væntanleg lög og að núverandi vörur verði leyfilegar. Núverandi lög taka mjög vel á tóbaksvörnum og lagarammi þeirra er skýr.

4. Reyklaust tóbak

Eins og nafnið gefur til kynna nær heitið til alls tóbaks fyrir utan reyktóbak, vindlinga og vindla. Af náttúrunnar hendi eru fjölmörg efnafræðileg sambönd í tóbaksplöntunni sem hafa áhrif á og gefa bragð og lykt. Samkvæmt skilgreiningu á hrátóbaki þá eru nokkrum atriðum blandað við tóbakið sem flokkast sem bragð- og lyktarefni eins og t.a.m. salt (sem flokkast sem bragðefni). Það er því ómögulegt að framfylgja lögunum með rannsóknum eða greina hvort vara hafi verið bragð- eða lyktarblönduð. Hvaða aðili ætti til að mynda að sjá til þess að lögunum sé framfylgt og/eða vera úrskurðaraðili?

5. A-liður 2. gr.

Leyfileg kornastærð neftóbaks er skilgreind í dag og viðurkenndir aðilar sem eru að mæla tóbak geta mælt þessa stærð. Í a-lið 2. gr. kemur fram að „...hver sé bær til annast mælingar og prófanir á tóbaki í þeim tilgangi að meta hvort heimilt sé að setja það á markað hér á landi og um framkvæmd mælinga í þessu skyni“.

Er búið að útfæra þetta nánar með tilliti til hver sé bær til þess og hvort viðkomandi hafi nægjanlega tækjakost og tól til að framkvæma þessar mælingar? Verður heimild til að mæla kornastærð og tóbak í Svíþjóð sem og annars staðar fyrir utan landsteinana þar sem viðurkenndir og þaulreyndir aðilar eru til staðar? Það má ekki gleyma því að þessar stofnanir og aðilar eru alþjóðlega þekktir þegar kemur að mælingum á neftóbaki.

Verður kornastærð neftóbaks breytt eða verður hún sú sama í reglugerð sem verður samin í kjölfar þessa frumvarps?

Það þarf að ákveða og útfæra nokkra þætti sem þessu viðkemur áður en ráðist er í frumvop um breytingar á tóbaksvarnarlögum með slíkum hætti eins og nú er gert.

6. B-liður 2. gr.

Orðalag b-liðs 2. gr. frumvarpsins hefur víðtæk áhrif og m.a. mikil áhrif á tekjur ríkissjóðs. Því er lagt til að fjarlægja þessa grein frumvarpsins eða í versta falli að breyta henni. Hér er einnig vísað til 2. og 3. liðs í umsögninni.

Heimildir þeirra sem eiga að sjá um að leyfa eða hafna vörum getur samkvæmt orðalagi þessu byggt á geðþótta þar sem orðalagið er of víðtækt. Það er því brýn þörf á að skilgreina þetta atriði mun betur.

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur með hagsmunaaðilum til að fara yfir þessi mál þannig að hægt verði að búa til frumvarp sem hefur ekki þessi víðtæku áhrif á tekjur ríkissjóðs ásamt því að hafa leikreglur og framkvæmd tóbaksvarnalaga skýrar.

7. Rannsóknir

Þegar litið er til rannsókna er afar mikilvægt að bera saman „epli og epli“. Rannsóknir sem vitnað er í athugasemdum við frumvarpið eru nýlegar og gefa sterkar vísbendingar um notkun á neftóbaki ÁTVR. Aðrar rannsóknir, sem m.a. var vitnað til í frumvarpi sem var lagt fram fyrir um ári síðan eru um annan uppruna og framleiðslu tóbaks (bandarískt) en það sem er notað á Íslandi. Tóbakið sem er notað á Íslandi er skandinavískt og er framleitt eftir sænskum staðli. Þrjár rannsóknir sem ná til þessa efnis og tóbaks sem er notað á Íslandi má finna hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, Evrópusambandinu og frá Pöschl í Þýskalandi.

WHO (Alþjóðaheilbrigðisstofnunin) og Evrópusambandið.

Meginniðurstaða þeirra rannsókna er að lágmarks heilsufarsáhætta er af tóbaki framleiddu eftir sænska staðlinum (WHO. WHO study group on tobacco product regulation. Report on the scientific basis of tobacco product regulation: third report of a WHO study group. WHO Technical Report Series 955) og neysla tóbaks eftir þeim staðli er ekki hvetjandi fyrir aðra neyslu, t.d. að byrja neyslu á reyk tóbaki (European Commission. SCENIHR. Health Effects of Smokeless Tobacco Products, Preliminary Report. Júní 2007).

Þýsk rannsókn (Pöschl).

Þýsk rannsókn leiddi í ljós að bragð- og lyktarblandað tóbak hafði ekki áhrif á neyslu né vöxt reyklaus tóbaks (<http://www.poeschl-tobacco.com/schnupftabak-gesundheit.html>, e.d.).

8. Dæmisaga frá Noregi

Norðmenn hafa nýlega farið í gegnum umræðu um reyklaust tóbak og komust að þeirri niðurstöðu í stað þess að þrengja þann lagaramma þá væri það samfélagslega hagkvæmt að þrengja ekki frekar að reyklusu tóbaki. Ástæðan er sú að reyklaust tóbak er staðkvæmdarvara fyrir reyk tóbak, vindlinga og vindla.

9. Vöruval tóbaks

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins um vöruval tóbaks þá mun ráðherra setja reglugerð um vöruval, innkaup og framleiðslu ÁTVR á tóbaki. Þetta er gott og vel. Hafa þá einkaaðilar ekki rétt á að framleiða tóbak á Íslandi ef sú framleiðsla og vörur uppfylla lagaskilyrði? Ef svo er, af hverju ekki?

Virðingarfyllt,



Ásgeir Johansen
Rolf Johansen & Co